



Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna fyrirhugaðrar Svartárvirkjunar

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 9. desember s.l. að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna áforma um að reisa virkjun í Svartá í Bárðardal. Frá henni mun liggja 33kV jarðstrengur og ljósleiðari að tengivirki við Laxárvirkjun. Virkjunin og meginhluti jarðstrengja verða í Þingeyjarsveit en strengirnir verða á tveimur stöðum innan marka Skútustaðahrepps, við vesturmörk hans, á um um 7,5 km kafla í löndum Hörgsdals og Stangar. Breyta þarf Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að lega jarðstrengja verði sýnd á aðalskipulagsupprætti.

Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við aðalskipulagsbreytinguna, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og kynning og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps til og með miðvikudeginum 13. janúar 2016. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps <http://www//myv.is> undir /Stjórnsýslan/ Skipulags- og byggingarmál/Aðalskipulag/Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við skipulagslýsingu eða koma með ábendingar er gefinn kostur á að koma þeim á framfæri við skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Athugasemdarfrestur rennur út miðvikudaginn 13. janúar 2016.

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Bjarni Reykjalin,

skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

46. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 16. des. 2015

Afmælisbörn dagana 17. des. — 23. des. 2015

17. Kristján Þórhallson, Sigrún Skarphéðinsdóttir.
19. Marcin Kozaczek.
21. Sigurður Guðbrandsson.



Þórir Sigmundur Þórisson
sem lést 10. desember
verður jarðsunginn frá Reykjahlíðarkirkju
laugardaginn 19. desember kl. 14:00.

Aðstandendur.



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Vil vekja athygli á að síðasta blað fyrir áramót kemur út á Þorláksmessu 23. desember. Skilafrestur er þriðjudaginn 22. des. kl. 14:00.

Engin Mýfluga kemur út milli jóla og nýárs.



Kveðja, Hrafnhildur.

Kæru eldri borgarar!

Undanfarin ár höfum við á Sel-Hótel Mývatni boðið 60 ára og eldri Mývetningum á adventunni í jólakaffi.

Í ár höfum við ákveðið að breyta út af vananum og bjóða heldri borgurum á fjölskyldujólahlaðborð til okkar laugardaginn 19. desember kl. 19:00.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 464 4164 fyrir kl. 15:00 föstudaginn 18. desember.

Með adventukveðjum starfsfólk Sel-Hótel Mývatns



Kæru vinir í sveitinni.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum extra vel fyrir að vera ómetanlegur viðskiptavinir hjà Hår-Ellý í Hafnarfirði.


Kær kveðja,
Jóhann Guðni, Ellý,
Ína Björk, Hugrún og María Rún
Hafnarfirði.



Jólagjöfin til vina í öðrum héruðum?

Fræðum um landið og fólkid.
Byggðir & bú Suður-Þingeyinga 2005,
2 bindi nú á jólatilboði, 5.000 kr.

Fæst í Sparisjóði Suður-Þingeyinga
og Búgarði Akureyri.
Nánari upplýsingar hjá Guðrúnu formanni
BSSP í síma 895 4742.



Byggðir & bú
Suður-Þingeyinga



Kæru sveitungar

Lyfja verður opin milli kl. 10:00 og 12:00
á aðfangadag en lokuð á gamlársgdag.

Minum á að í vetur er **Lyfja** einnig opin á miðvikudögum
milli kl. 10:00 og 12:00.

Það verður ekki læknamóttaka fimmtudagana 24. og 31. desember.

Agla og Dagbjört.

Kæru Mývetningar!

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Þökkum allt líðið.

Kær kveðja frá okkur.
Rúna og Friðrik

